

Benchmark Genetics Iceland hf.  
Bæjarhrauni 14  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11.8.2023  
UST202302-134/G.S.O.  
08.12.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. júlí 2023 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland í Kollafirði þann 12. júní 2023. Þann 13. júlí sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs í viðtaka árið 2022 var yfir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður hreinsabúnaður virkjaður á frárennslinu í einu eldishúsinu en þá næst að hreinsa um 25-41% af heildarfrárennsli stöðvarinnar sem er um 60 l/sek. Rekstraraðili stefnir á að virkja hreinsibúnaðinn fyrir lok árs og mun þá framkvæma nýjar mælingar úr frárennslinu. Auk þess mun rekstraraðili fylgjast vel með fóðrun.**
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Framleiðsla árið 2022 var yfir leyfilegu hámarki skv. starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður tvisvar sinnum á ári afhent 130 gramma seiði út úr stöðinni til áframeldisstöðva BGI. Við það minnkar lífmassi í stöðinni til muna. Einnig á að innleiða sónartæki þar sem hægt er að kyngreina 95.000 seiði fyrir en áður. Stefnt er á að sónartækið verði komið í notkun snemma á árinu 2024.**
3. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Talsvert af villtum fugli sækir í útrás stöðvarinnar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er vinna hafin við að færa frárennslið inn á lóð stöðvarinnar og er áætlað að síðar verði hægt að sameina ræsin. Einnig verða net sett yfir frárennslið svo fugl komist ekki í það.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur